



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 18. júní 2025
USK25060146

TILLAGA

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna eftirfarandi umferðaröryggisaðgerða:

- Árvað:** Þverunaraðgerð yfir Árvað, bílastæði, og stígtenging yfir á göngustígakerfi. Upphækkuð þrenging ásamt gangbrautarlýsingu og gangbrautarmerkingu og fleira.
- Úlfarsbraut-Urðarbraut:** Hraðalækkandi aðgerð til að halda niðri hraða framan við skóla og við gangbraut. Bílastæði á Urðarbrunni sem skyggir á sjónlengdir gagnvart gangbraut fjarlægt.
- Jónsgeisli-Reynisvatnsvegur:** Lagfæringar á vegriðum og vegriðsendum.
- Laugarvegur-Suðurlandsbraut:** Þverunaraðgerðir á suðvestur framhjáhlaupi, m.a. hraðalækkandi aðgerð og bætt lýsing.
- Breiðholtsbraut-Reykjanesbraut:** Fallvarnir meðfram göngu og hjólastíg og handrið meðfram tröppu við Árskóga.
- Höfðabakki-Vesturlandsvegur:** Fallvarnir meðfram göngu og hjólastíg.
- Langholtsvegur við Hlunnavog:** Þverunaraðgerð, gangbrautarlýsing, merkt gangbraut og fleira.

Greinargerð:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar og hámarkshraðaáætlun unnið að undirbúningi aðgerða til að bæta umferðaröryggi í borginni, í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds með það að markmiði að bjóða þær út til framkvæmda sumarið 2025. Nánar er gerð grein fyrir aðgerðunum sem hér er leitað samþykkis á í meðfylgjandi kynningu.

Til viðbótar við ofangreindar aðgerðir er á árinu 2025 gert ráð fyrir framkvæmdum tengdum umferðaröryggi á gatnamótum Grensásvegur og Ármúla (samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 29. janúar 2025 USK24090294), á Njarðargötu og á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar (samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 2. apríl 2025, USK25030315). Eins er fyrirhugað á nokkrum stöðum að bæta á lýsingu við gönguþveranir og lagfæra úr sér gengnar hraðahindrunum innan íbúahverfa án frekari aðgerða. Að lokum eru fyrirséðar umferðaröryggisaðgerðir í Laugardal í tengslum við Skólaþorp sem þar er að rísa en þær aðgerðir verða kynntar síðar þegar tillaga að útfærslu þeirra liggur betur fyrir en þær tillögur eru unnar í samráði við hagaðila á svæðinu auk fulltrúa viðbragðsaðila.

Virðingarfyllst,
Höskuldur Rúnar Guðjónsson
Verkefnastjóri

Hjálagt: Kynning á aðgerðum tillögu, auk áður samþykktra tillagna



Reykjavík




Umferðaröryggisgerðir

Áætlaðar framkvæmdir 2025




Fyrirhugaðar aðgerðir sumarið 2025






Árvað





Úlfarsbraut og Urðarbrunnur






Jónsgeisli - Reynisvatnsvegur

- Verður ákveðið í hönnunarferli hversu mikið af vegriðum gatnamótanna verða uppfærð miðað við nýrri hönnunarviðmið.





Laugarvegur-Suðurlandsbraut






- [illegible]



Breiðholtsbraut



Höfðabakki - Vesturlandsvegur





**Áður samþykkt og
til viðbótar**



Bætt lýsing á göngu og hjólaþverrunum

- 30 miljónir í að bæta lýsingu á göngu og hjólaþverrunum. Staðarval og val á úrlausnum er í vinnslu.





Endurgerð hraðahindrana

Á árinu 2025 verða endurgerðar eftirtaldar hraðahindranir:


- Við Álfheima í Laugardal
- Við Skeiðarvog í Laugardal
- Við Listabraut í Háaleitis- og Bústaðahverfi
- Við Langarima í Grafarvogi
- Í Norðurfelli við Fannarfell
- Í Norðurfelli við Eddufell
- Í Suðurnhólum
- Í Austurbergi við Suðurnhóla
- Í Vesturnhólum við Arahóla





Hönnun

Verkhönnun
ekki lokið



Skýringar:	Kantsteinn	Steypa	Leiðnihellur
	Bogagrindverk	Malbik	Drophellur
	Núverandi yfirborðsmerkingar	Gras	
	Nýjar yfirborðsmerkingar	Hellur (grár)	
		Hellur (svart)	

Í VINNSLU
Vistað: 11.12.2024 11:43
Prentað: 11.12.2024 11:43

6			
5			
4			
3			
2			
1			
△ Breytingar:	Dags:	Samþykkt:	



HNAEFTIR
VERKFRÆÐISTOFA

Húaleitisbraut 58-60
105 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Hanna: II
Tólvörð: Z(88)01 - GRENSÁSVEGUR.DWG
Dag: DRÖG
Verk nr.: 23200




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið




UMFERDARÖRYGGISÁÐGERÐIR 2024
GRENSÁSVEGUR - ÁRMÚLI

YFIRBORDSFRAGANGUR
GRENSÁSVEGUR

Skv.: 1:250
Hnitakerfi: ISN93
Frumt. blaði: A2
Hæðarkerfi: RVK

Tekn. nr.:
Útg.:
Z(88)01







Reykjavík